FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Siðfræði
Námsgrein:	heimspeki
Viðfangsefni:	Siðfræðikenningar, náttúra, siðferðisklípur, umhverfi
Skammstöfun:	HEIM3HS05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er kafað ofan í áhrifaríkustu siðfræðikenningar vestrænnar heimspeki og áhrif þeirra reifuð. Hagnýt siðfræði er kynnt til sögunnar með sérstaka áherslu á umhverfissiðfræði. Lagt er upp með að tengja umhverfissiðfræðina við alþjóðleg umhverfisvandamál, Vatnajökulsþjóðgarð og nærumhverfi nemenda.
Forkröfur:	HEIM2IN05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu siðfræðikenningum vestrænnar heimspeki • hagnýtri siðfræði • umhverfissiðfræði • gildum siðfræðikenninga í daglegu lífi • lausn siðferðilegra álitamála
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita siðfræðikenningum • rökræða siðferðileg álitamál, átta sig á annmörkum eigin röksemdafærslu og finna skynsamlegar lausnir á siðferðilegum álitamálum • hlusta á viðmælendur sína og bregðast við orðum þeirra • móta eigin skoðanir um siðferðileg viðfangsefni og setja þær fram á skipulagðan og á gagnrýninn hátt • lesa frumtexta í siðfræði • skilja tengsl daglegrar hegðunar fólks og umhverfisvandamála heimsins
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • taka meðvitaðar og upplýstar ákvarðanir er varða siðferðileg álitamál • geta á gagnrýninn hátt greint góðar og slæmar röksemdarfærslur í ræðu og riti • sýna þroskaða siðferðisvitund í hegðun, ræðu og riti • taka meðvitaðar og upplýstar ákvarðanir í umhverfismálum
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.